



Greinargerð varðandi tilkynningu um borun kjarnaholu á Þeistareykjum

Ásgrímur Guðmundsson

Unnið fyrir Þeistareyki ehf.

Greinargerð

ÍSOR-06252

Verknr.:522-000

24.11.2006

ÍSLENSKAR ORKURANNSÓKNIR

Reykjavík: Orkugarður, Grensásvegi 9, 108 Rvk. – Sími: 528 1500 – Fax: 528 1699
Akureyri: Rangárvöllum, P.O. Box 30, 602 Ak. – Sími: 528 1500 – Fax: 528 1599
isor@isor.is – www.isor.is

Greinargerð varðandi tilkynningu um borun kjarnaholu á Þeistareykjum.

Samantekt þessi er skrifuð fyrir Þeistareyki ehf. vegna svars Skipulagsstofnunar til Þeistareykja ehf varðandi tilkynningu um fyrirhugaða borun kjarnaholu í Stórahversmó. Ekki var gerð athugasemd við sjálfa borunina en vegalagning að staðnum var metin tilkynningaskyld með tilvísun til laga um náttúruvernd nr.44/1999, 37. grein. Í ljósi nýrra upplýsinga eins og koma fram hér að neðan og að vissu leyti annarrar nálgunar á skilning á lögnum er farið þess á leit að endurskoða fyrirbyggjandi niðurstöðu. Niðurstöður Skipulagsstofnunar varðandi vegalagninguna fer hér eftir orðrétt:

“

Lagning vegar/vegslóðar að borstað

Fram kemur í bréfinu að leggja þarf veg/vegslóð, 2.5-4 km, að borstað vegna flutninga á meðan á borun stendur. Verði borstaður 1 valinn er talið líklegt að hægt verði að ná skolvatni í Togarahelli, sem er þar skammt frá, en að borstað 2 þurfi líklega að flytja vatn að með tankbíl vegna fjarlægðar frá skolvatnsholum við vegslóð að Þeistareykjum.

Samkvæmt 2. viðauka, tl. 10 c, í lögum um mat á umhverfisáhrifum eru allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á Náttúruminjaskrá tilkynningarskyldir til ákvörðunar um matsskyldu. Sú vegagerð sem talin er nauðsynleg vegna fyrirhugaðrar borunar fer yfir eldhraun, þ.e. Stóravítishraun sem er u.þ.b. 7000 ára og að borstað 1 einnig um Þeistareykjahraun sem er um 2700 ára gamalt (sbr. greinargerð vegna tilkynningar um rannsóknarboranir við Þeistareyki í Aðaldælahreppi, Suður Þingeyjarsýslu, ROS júní 2003). Vegur/vegslóð að borstað 2 mun einnig fara yfir eða í jafri jarðhitaummyndunar sem gæti flokkast undir hrúðurbreiður. Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta eldhraun sérstakrar verndar svo og hrúður og hrúðurbreiður stærri en 100 m². Báðar fyrirhugaðar vegleiðir munu því liggja um verndarsvæði og eru tilkynningarskyldar framkvæmdir til ákvörðunar um matsskyldu sbr. 6. gr. og tl. 10 c í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaraðili bendir á að umræddur vegur að kjarnaborstað muni nýtast sem línuvegur og verða hluti af framtíðarvegi frá hugsanlegri jarðhitavirkjun á Þeistareykjum til Húsavíkur. Skipulagsstofnun vill benda á að lagning háspennulínu frá jarðhitavirkjun við Þeistareyki og vegagerð að virkjun frá Húsavík eru matsskyldar framkvæmdir skv. lögum nr. 106/2000 m.s.b. Ákvörðun um lagningu háspennulínu og vegagerð er háð skipulagslegri umfjöllun og samþykki sveitarstjórna auk þess sem slík áætlanagerð er háð umhverfismati samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

“

Í svari til Þeistareykja ehf. er m.a. vitnað í fyrirbyggjandi rannsóknir á aldri hrauna, sem þekja svæðið, með viðeigandi tilvitnun. Undanfarin ár hefur Kristján Sæmundsson jarðfræðingur ásamt samstarfsmönnum unnið að endurskoðun jarðfræðikorts Þeistareykja og nágrennis. Vinnunni er ekki lokið en niðurstöður rannsókna sýna m.a. að hraun á Þeistareykjum eru mikið eldri en áður hefur verið talið. Hraunin eru öll, að Þeistareykjahrauninu undanskildu, frá lokum ísaldar eða um 10.000 til 13.000 ára. Allt eru þetta dyngjuhraun. Þau eru mörg og fremur smá norðan í Lambafjöllum, en fá og stór austar.

Elst af stóru dyngjunum er Skildingahraun með upptök um 4 km NV af Þeistareykjum. Næst að aldri og stærst er hraunið úr Stóravíti. Gígurinn sá er 700 m í þvermál og 130 m djúpur. Þeistareykjabunga er mestöll þaðan runnin. Stóravíti og fallgígurinn Litla-Víti (um 130 m í þvermál og 70 m djúpur) rétt þar hjá, er 3 km austan við jarðhitasvæðið. Stóravítishraunið hefur myndast á Yngri-Dryas (þ.e. fyrir meira en 11.400 árum). Það nær norður í Kelduhverfi, vestur að Lambafjöllum, suður að Gæsafjöllum og Hólasandi og austur yfir Gjástykki.

Yngsta hraunið á jarðhitasvæðinu er Þeistareykjahraun. Það er um 2500 ára gamalt, komið úr gíg (Stórahver) um 3 km vestan við sæluhúsið á Þeistareykjum. Það liggur að hluta ofan á Stóravítishrauni og myndar tveggja km breiða hrauntungu sem nær norður fyrir Höfuðreiðarmúla. Eftir því liggur röð af hraunbólum og aukagígum, sem hraun hefur gubbast upp úr.

Jarðfræðilýsingin nær yfir svæðið, sem fyrirhugað var að leggja vegarslóða og bora 400-600 m djúpa kjarnaholu. Skipulagsstofnun vitnar til stuðnings niðurstöðum sínum í lög um mat á umhverfisáhrifum með tilvísan í náttúruverndarlög. Þar er gert ráð fyrir að mórinn, sem liggur ofan á Stóravítishrauni sé verndarsvæði, en hraunið undir njóti verndar skv. lögum um náttúruvernd. Vísað er til greinar nr. 37 um verndun eldhrauna og hverahrúðra. Svar Skipulagsstofnunar tók mið af fyrirbyggjandi jarðfræðikorti, sbr. greinargerð vegna tilkynningar um rannsóknarboranir á Þeistareykjum í Aðaldælahreppi 2003.

Vegur að kjarnaholu er áætlaður yfir Stóravítishraun sem skv. nýjustu rannsóknum er eldra en 11.400 ára og auk þess þakið 0,5-1 m þykkum jarðvegi.

Almennur skilningur hugtaksins eldhraun hefur verið hraun sem runnið hafa frá eldvörpum á nútíma (< 10.000 ár) eða eftir að síðasta jökulskeið leið (post glacial tími). Í náttúruverndarlögum nr. 44/1999 er þessi skilningur að því er best verður séð.

Tilgangur þessara laga er að vernda ýmsar hraunmyndanir fyrst og fremst frá nútíma, þar sem íslensku hraunin hafa algera sérstöðu hvað varðar gróðurfar. Hæg gróðurframvinda gerir það að verkum að yfirborðseinkenni þeirra eru sýnileg um þúsundir ára meðan slíkar hraunbreiður á suðlægum slóðum geta horfið á kaf í gróður á fáum áratugum.

Í skýringarkafli með IX. kafla ofangreindra laga, um landslagsvernd, er gerð grein fyrir lagasetningunni og fylgir kaflinn með hér að neðan. Feitletraði hlutinn (leturbreyting mín) er sá sem snýr að eldvörpum, gervigígum og eldhraunum. Þar er ljóst að ekki skiptir máli hvort hraun er 10 eða 15 þúsund ára gamalt. Aftur á móti stendur í skýringum að "fyrst og fremst gosmyndanir frá nútíma...", sem merkir aðallega en ekki algilt. Til viðbótar er athyglisvert niðurlag kaflans, sem ég skáletra. Þann hluta mætti túlka á þann veg að í lagi gæti verið að fara inn á vel gróðurvaxin hraun á tímabilinu yngri en 10-15 þús. ára.

IX.

Landslagsvernd.

Í frumvarpinu er lagt til að í fyrsta sinn verði stigið það skref í lögum að vernda tilteknar landslagsgerðir sem eru sérstaks eðlis og æskilegt má telja út frá náttúruverndarsjónarmiðum að njóti sérstakrar verndar. Er í frumvarpinu að finna almenna reglu sem ætlað er að hvetja til sérstakrar varkárni í umgengni mannsins við tilteknar landslagsgerðir. Ekki er verið að mæla fyrir um friðun þeirra heldur einungis sérstaka lögbundna verndun. Ákvarðanir um notkun viðkomandi landslagsgerða eru teknar með skipulagsáætlunum og eftir atvikum úrskurði um mat á umhverfisáhrifum en um aðkomu náttúruverndaryfirvalda að þeim er fyrir rætt. Umræddar landslagsgerðir eru eldvörp, gervigígur og eldhraun, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri, mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri, fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur og loks sjávarfítjar og leirur.

Í 1. tölul. 1. mgr. 37. gr. er eldvörpum, gervigígum og eldhraunum veitt sérstök vernd. Útbreiddar landslagsgerðir á Íslandi sem teljast sérstakar á heimsmælikvarða eru *fyrst og fremst* gosmyndanir frá nútíma og síðasta hlýskeyði ísaldar. Af þeim sökum er talin ástæða til að umgangast slík landsvæði með sérstakri varúð. Gosmyndanir hér á landi verða til í eldstöðvakerfum á gosbeltum landsins. Við eldgos undir jökli hafa gosefnin hlaðist upp yfir gosrásinni. Þegar landið varð íslaut fyrir 10–15 þúsund árum komu gosmyndanirnar í ljós sem móbergshryggir og -stapar. Slík fjöll einkenna landslagið á gosbeltunum. Utan Íslands er slíkar jarðmyndanir helst að finna í háfjöllum í Norður-Ameríku. Eftir að jökullinn hvarf af landinu hafa gígur hlaðist upp við uppstreymisop hraunkviku og frá þeim hafa runnið apalhraun og helluhraun sem geta tekið á sig ýmsar myndir ásamt alls kyns fyrirbærum sem þeim fylgja, svo sem hrauntröðum, hraunhellum, hraundrílum og gervigígum. Myndanir þessar eru útbreiddar á gosbeltum landsins. Flest hraunin eru basalthraun en slíkar hraunbreiður finnast aðeins á fáeinum stöðum í heiminum. Íslensku hraunin hafa algera sérstöðu hvað varðar gróðurfar. Hæg gróðurframvinda gerir það að verkum að yfirborðseinkenni þeirra eru sýnileg um þúsundir ára meðan slíkar hraunbreiður á suðlægum slóðum geta horfið á kaf í gróður á fáum áratugum.